



Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is

Kópavogi 20. október 2020.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (ódæmigerð kyneinkenni), 22. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 15. október 2020 þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (ódæmigerð kyneinkenni), 22. mál á 151. lögjafarþingi.

Í greinargerð kemur fram að frumvarpið er samið í forsætisráðuneytinu og byggist á tillögum starfshóps sem starfaði samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Samkvæmt ákvæðinu var ráðherra falið að skipa starfshóp til að fjalla um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal um heilbrigðisþjónustu við þau, og gera tillögur um úrbætur. Einnig skyldi hópurinn semja frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði sem fela áttu í sér að bætt yrði við lögum ákvæðum sem fjalla um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög um kynrænt sjálfræði bætist ný ákvæði um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Lagt er til að meginreglan verði sú að varanlegar breytingar á kyneinkennum barns yngri en 16 ára sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni skuli einungis gerðar í samræmi við vilja barnsins. Sé barn sökum ungs aldurs ófært um að veita slíkt samþykki eða af öðrum sökum ófært um að gefa til kynna vilja sinn skal þó heimilt að breyta kyneinkennum þess varanlega ef heilsufarslegar ástæður krefjast þess og þá einungis að undangengnu ítarlegu mati á nauðsyn breytinganna og afleiðingum þeirra til skemmri og lengri tíma. Lagt er til að kveðið verði á um ítarlega málsmeðferð að því er varðar ákvörðun um varanlegar breytingar og meðal annars er lagt til að mælt verði fyrir um að ráðherra skipi nýtt teymi um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Gert er ráð fyrir að sérregla gildi um annars vegar aðgerðir vegna of stuttrar þvagrásar og lyfjameðferðar vegna vanvaxtar á typpi. Aftur á móti er lagt til að skilgreiningin á ódæmigerðum kyneinkennum verði rúm til að tryggja viðtæka vernd barna.

LÍ mælir með samþykki frumvarpsins enda byggir það á tillögum starfshóps sérfræðinga á þessu sviði. LÍ leggur áherslu á að ekki verði haggð við því ákvæði frumvarpsins að heimilt verði að breyta kyneinkennum barns varanlega þó það sé undir 16 ára aldri, ef heilsufarslegar ástæður krefjast þess enda fari fram ítarlegt mat á nauðsyn breytinganna og afleiðingum þeirra í bráð og lengd. Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður